

HVERNIG HÁMARKAR ÞÚ ENDINGU KLÆÐNINGARINNAR?

Ending klæðningar fer ekki bara eftir efni, staðsetningu og umhverfispáttum heldur líka viðhaldi. Hægt er að fyrirbyggja tæringu og aðra veðrun með reglubundnum þrifum, helst á hverju vori.



Reglubundin þrif fjarlægja salt, sand, sót og aðra óværu. Því er gott að þrifa klæðninguna á hverju vori og gera það hluta af reglubundnu viðhaldi á húsinu.



Við þrifin ætti að nota vatn og mjúkan bursta sem nær í flestar rifur. Þá má líka nota Háprýstidælu.



Á hverju húsi eru staðir eða hliðar þar sem regnvatn fellur ekki oft. Gott er að veita þessum stöðum sérstaka athygli og þrifa vel.



Venjulegur uppböttalögur er nóg til að ná flestum óhreinindum af en það má líka nota hreinsefni til iðnaðarnota í magni sem framleiðandi leggur til.